

Ár 2026, föstudaginn 26. júní er dómþing dómstóls GSÍ háð í gegnum samskiptaforritið Zoom af Sólveigu Bachmann Gunnarsdóttur dómara.

Fyrir er tekið:

Málið nr. 1/2026

Kári Sölmundarson
gegn
Golfklúbbi Þorlákshafnar.

Gögn málsins liggja frammi.

Mættir eru í dóminn kærandi, Kári Sölmundarson og Vigdís Gunnarsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdarstjóri kærða.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

Úrskurður:

I. Aðilar og dómkröfur

Kæra í þessu máli var móttækin af skrifstofu GSÍ 30. mars 2026. Kærandi er Kári Sölmundarson, [REDACTED] Reykjavík. Kærði er Golfklúbbur Þorlákshafnar, [REDACTED] Þorlákshöfn.

Málinu var úthlutað til Sólveigar Bachmann Gunnarsdóttur, dómara í dómstól GSÍ. Þann 7. apríl 2026 var formanni kærða (varnaraðila), Árna Hrannari Arngrímssyni send gögn málsins og áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Veittur var frestur til 15. apríl 2026 til að skila greinargerð. 13. apríl óskaði kærði eftir fresti til 20. apríl til að skila greinargerð og féllst dómari á það. Kærði skilaði greinargerð þann 20. apríl s.l. Fyrir mistök dómara var kærandi máls í tilkynningu til kærða þann 7. apríl s.l. ranglega sagður Golfklúbburinn Oddur. Það var leiðrétt með boðun til þinghalds 4. maí og áréttað við þingfestingu málsins þann 11. maí s.l. Aðilar gerðu ekki athugasemdir við það en kærði áréttaði kröfur sínar að teknu tilliti til þess að Kári Sölmundarson teldist kærandi.

Við þingfestingu töldu aðilar ekki þörf á munnlegum málflutningi né töldu þeir þörf á að leggja fram viðbótargögn. Málið var þá dómtekið sama dag. Uppsaga úrskurðar hefur dregist vegna leyfa og anna dómara.

Dómkröfur kæranda eru að viðurkennt verði að fyrirkomulag svonefndrar fjaraðildar hjá kærða, Golfklúbbi Þorlákshafnar, samrýmist ekki lögum GSÍ, lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og lögum félagsins sjálfs.

Þá krefst kærandi þess að viðurkennt verði að einstaklingar sem njóta slíkrar aðildar teljist ekki fullgildir félagsmenn í skilningi framangreindra laga.

Loks krefst kærandi þess að kærða verði gert að færa aðildarfyrirkomulag sitt til samræmis við gildandi lög og reglur íþróttahreyfingarinnar en dæmd refsing ella.

Dómkröfur kærða eru aðallega að máli kæranda verið vísað frá dómstól GSÍ en til vara að dómstóll fallist á málflutning varnaraðila og úrskurði að fjaraðild kærða megi standa óbreytt

Til þrautarvara, krefst kærði að fallist dómstóllinn á kröfur kæranda verði gætt meðalhófs og kærða einungis gert að afnema takmarkanir í fjaraðild sinni á framboðs- og atkvæðisrétti.

II. Málavextir

Málavextir eru þeir að kærði, Golfklúbbur Þorlákshafnar, býður upp á svokallaða fjaraðild sem sérstakt form félagsaðildar. Fjaraðild felur í sér aðgang að rástímaskráningarkerfi GSÍ, möguleika á gildri forgjöf og einn hring á Þorlákssvelli. Tekið er fram að aðildin veiti ekki þátttökurétt á innanfélagsmótum né rétt til að nýta vinavelli kærða. Þá kemur fram að aðildin feli hvorki í sér atkvæðis- né framboðsrétt á aðalfundi. Gjald fyrir fjaraðild er kr. 9.900,-

III. Málsástæður kæranda og lagarök.:

Kærandi byggir á því að svokölluð fjaraðild kærða samrýmist hvorki lögum kærða né lögum ÍSÍ, sem kærði er bundinn af í krafti aðildar sinnar að GÍ og ÍSÍ.

Kærandi vísar í fyrsta lagi til 5. gr. laga kærða, þar sem kveðið sé á um að allir félagsmenn sem náð hafi 16 ára aldri fari með atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins. Með því að bjóða upp á aðild sem veitir félagsaðild og aðgang að réttindum innan golfhreyfingarinnar en útilokar jafnframt atkvæðis- og kjörgengi, sé vikið frá þeirri meginreglu sem fram komi í lögum félagsins.

Í öðru lagi vísar kærandi til ákvæða 5.2. gr. laga ÍSÍ, einkum staflíða e og g. Að mati kæranda leiðir af ákvæðunum að félagsaðild innan íþróttafélaga skuli almennt vera frjáls og að félagsmenn njóti jafns réttar innan félagsins, þar með talið atkvæðisréttar og annarra félagslegra réttinda. Fjaraðild kærða feli í sér mismunun milli félagsmanna sem ekki eigi sér fullnægjandi stoð í lögum.

Kærandi byggir jafnframt á almennum meginreglum félagaréttar um jafnræði félagsmanna. Samkvæmt þeim verði ekki gerður greinarmunur á réttindum félagsmanna nema slíkt byggist á skýrum lagaheimildum eða málefnalegum sjónarmiðum. Að mati kæranda skorti slíka heimild í þessu tilviki.

Loks vísar kærandi til viðurkenndra meginreglna íþróttaréttar um lýðræðislega stjórnskipan íþróttafélaga. Kærandi telur að ekki verði komið á tveimur flokkum félagsaðildar þar sem annar hópur njóti ákveðinna réttinda innan íþróttarinnar en sé jafnframt sviptur áhrifum á stjórn og stefnu félagsins. Slíkt sé ósamrýmanlegt jafnræði félagsmanna og þeim lýðræðislegu sjónarmiðum sem íþróttahreyfingin byggir á

IV. Málástæður kærða:

Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá dómi.

Kærði byggir frávisunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að annmarkar hafi verið á kæru, meðal annars hvað varðar tilgreiningu kærða og formaskilyrði samkvæmt lögum um dómstól GSÍ.

Í öðru lagi byggir kærði á því að kæranda skorti kæruaðild samkvæmt 5. gr. laga um dómstól GSÍ. Kærandi hafi hvorki sýnt fram á að misgert hafi verið við sig né að hann hafi beina og einstaklingsbundna hagsmuni af niðurstöðu málsins. Kæran lúti fremur að almennti túlkun reglna innan golfhreyfingarinnar en réttindum kæranda sjálfs.

Í þriðja lagi telur kærði að sá hluti kærunnar sem byggir á ætluðum brotum gegn lögum ÍSÍ falli utan lögsögu dómstóls GSÍ og heyri eftir atvikum undir dómstóla ÍSÍ.

Verði málið tekið til efnismeðferðar krefst kærði sýknu.

Kærði byggir sýknukröfu sína á því að fjaraðild feli ekki í sér hefðbundna félagsaðild í skilningi laga félagsins eða laga ÍSÍ heldur sérstaka og takmarkaða þjónustu sem einstaklingum standi til boða gegn gjaldi. Handhafar slíkrar aðildar njóti ekki fullra félagsréttinda og geti því ekki talist félagsmenn í þeim skilningi sem lagareglur um atkvæðisrétt og kjörgengi taki til.

Kærði vísar jafnframt til þess að lög ÍSÍ séu ekki svo skýr að af þeim verði ótvírætt ráðið að óheimilt sé að bjóða upp á slíkt fyrirkomulag. Þvert á móti veiti ákvæði laganna að mati kærða svigrúm til að mæta mismunandi aðstæðum aðildarfélaga, þar á meðal takmörkunum á aðstöðu og aðgengi að íþróttaiðkun.

Kærði telur að fjaraðild stuðli að aukinni þátttöku í golfíþróttinni og geri einstaklingum kleift að njóta tiltekinna réttinda innan golfhreyfingarinnar án þess að verða fullgildir félagsmenn viðkomandi golfklúbbs. Fyrirkomulagið sé gagnsætt, skilmálar þess skýrir og þeir sem kjósa slíka aðild séu upplýstir um takmarkanir hennar áður en gengið er til samnings.

V. Niðurstaða

Samkvæmt 9. gr. laga um dómstól GSÍ ber dómstólnum, áður en efnismeðferð máls hefst, að kanna hvort fyrir hendi séu formgallar samkvæmt 8. gr. laganna sem leiða eigi til frávisunar máls. Dómurinn hefur farið yfir kæru og fylgigögn og telur ekki efni til að vísa málinu frá á grundvelli formannmarka. Sú niðurstaða tekur þó ekki til annarra frávisunarástæðna sem kærði hefur byggt á við rekstur málsins.

Samkvæmt 5. gr. laga um dómstól GSÍ hefur rétt til kæru hver sá einstaklingur eða félag sem misgert er við og hefur hagsmuni af niðurstöðu máls.

Reglan um lögvarða hagsmuni er grundvallarskilyrði fyrir aðild að dómsmáli. Í henni felst að aðili verður að hafa beina og verulega hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfur sínar þannig að niðurstaða málsins hafi áhrif á réttarstöðu hans. Almennir hagsmunir af

réttri framkvæmd laga eða skipulagi starfsemi félaga teljast að jafnaði ekki nægjanlegir til að stofna kæruaðild.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að kærandi sé sjálfur handhafi þeirrar aðildar sem deilt er um eða að réttarstaða hans verði fyrir beinum áhrifum af því fyrirkomulagi sem kæran lýtur að.

Þeir hagsmunir sem kærandi vísar til lúta einkum að almennri túlkun laga ÍSÍ og skipulagi aðildarfélaga innan golfhreyfingarinnar. Slíkir hagsmunir teljast ekki nægjanlega beinir eða einstaklingsbundnir til að stofna kæruaðild samkvæmt 5. gr. laga um dómstól GSÍ.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að kærandi hafi hvorki sýnt fram á að misgert hafi verið við sig í skilningi 5. gr. laga um dómstól GSÍ né að hann hafi þá lögvörðu hagsmuni af úrlausn málsins sem áskildir eru samkvæmt ákvæðinu. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómstóli GSÍ.

Úrskurður þessi var kveðinn upp í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði 13. gr. laga um dómstóla GSÍ um áfrýjun. Samkvæmt 1. tölul. ákvæðisins er heimilt að skjóta úrskurðum og dómum dómstóls GSÍ til áfrýjunardómstóls GSÍ. Samkvæmt 2. tölul. sama ákvæðis er frestur til áfrýjunar fimm dagar frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar. Almennir frídagar reiknast ekki með við útreikning frestsins.

Dómþingi slitið

Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir.